

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 28. desember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-78/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 17. október 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa, vegna viðgerðar á tölvuúri af hálfu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi meti hvort úrið sé gallað og bæti í kjölfarið úr gallanum.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Þann 5. október 2018 vísaði kæruneftndin máli þessu frá sér á þeim forsendum að það væri of óljóst og illa upplýst til þess að nefndin gæti tekið afstöðu til krafna álitsbeiðanda í málinu. Álitsbeiðandi hafði ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að senda inn gögn til stuðnings kröfum sínum í málinu. Hinn 17. október óskaði álitsbeiðandi eftir endurupptöku á málinu með þeim rökstuðningi að hún hefði sent gögn til kæruneftndarinnar en þau hefðu ekki borist nefndinni. Með bréfi, dags. 17. október 2018, tilkynnti kæruneftndin aðilum að hún hefði endurupptekið málið og gaf seljanda í málinu jafnframt tækifæri á að koma að andsvörum. Engin andsvör bárust frá seljanda.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið tölvuúr af gerðinni Apple að gjöf í desember árið 2017. Úrið var keypt hjá Z fyrir 54.990 krónur. Þann 11. júlí 2018 slökkti úrið á sér án fyrirvara og kveikti ekki á sér aftur. Álitsbeiðandi ákvað í kjölfarið að fara með úrið í viðgerð til seljanda, sem er umboðsaðili Apple hér á landi. Seljandi tilkynnti álitsbeiðanda eftir að hafa skoðað úrið að það hefði orðið fyrir tjóni og skjár þess væri brotinn. Af þeim sökum gæti seljandi ekki gert við úrið. Álitsbeiðandi gæti hins vegar fengið úrinu skipt út með því að greiða 44.890 krónur.

Álitsbeiðandi krafðist þess í kjölfarið að seljandi myndi meta með fullnægjandi hætti hvort úrið væri í raun haldið galla, en álitsbeiðandi telur að sjónræn skoðun sé ekki fullnægjandi til að meta hvort galli sé til staðar. Seljandi vildi ekki verða við þeirri kröfu álitsbeiðanda og ákvað álitsbeiðandi því að samþykkja boð seljanda um nýtt úr með 10% afslætti af uppgefnu verði. Greiddi hún því 40.401 krónur fyrir útskiptitæki. Eftir að hafa greitt þessa fjárhæð ætlaði álitsbeiðandi að fá nýtt úr afhent en var þá tjáð að hún yrði að bíða í þrjá til fimm virka daga eftir úrinu því varan væri í pöntun. Álitsbeiðandi var ekki sátt við þessa niðurstöðu.

Álitsbeiðandi bendir á að úrið hafi enn verið í ábyrgð þegar það bilaði og að úrið hafi ekki verið skoðað á fullnægjandi hátt til að staðfesta galla. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem hún hefur greitt vegna nýja úrsins að fjárhæð 40.401 krónur.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt framangreindum lögum og reglugerð geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytandakaup snúið sér til nefndarinnar og óskað eftir álitsgerð hennar um ágreiningsefnið.

Álitsbeiðandi hefur í málinu krafist þess í fyrsta lagi að seljandi meti hvort úrið hafi verið haldið galla við kaupin. Ef galli telst hafa verið til staðar gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi geri við gallann sér að kostnaðarlausu. Seljandi er viðurkenndur umboðsaðili framleiðanda hér á landi og sér því m.a. um viðgerðir á Apple vörum hér á landi. Úrið var hins vegar ekki keypt hjá seljanda heldur hjá þriðja aðila, sem ekki er aðili að máli þessu hjá kærunefndinni. Alla jafna falla kaup einstaklinga á tækjum sem þessum undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir nkpl.) og geta einstaklingar byggt á ákvæðum þeirra laga ef til vanefnda kemur af hálfu seljanda. Það á til að mynda við ef sölulutur telst hafa verið haldinn galla við kaupin. Í þessu tilviki er hins vegar ekki fyrir að fara neinu samningssambandi milli álitsbeiðanda og seljanda í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Getur álitsbeiðandi því ekki, á grundvelli þeirra laga, né laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, beint kröfum sínum að seljanda. Kærunefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna þeirri kröfu álitsbeiðanda á hendur seljanda.

Álitsbeiðandi hefur í öðru lagi krafist endurgreiðslu frá seljanda vegna kaupa á svokölluðu útskiptitæki, en sem viðurkenndur umboðsaðili framleiðanda hér á landi sér seljandi einnig m.a. um útskipti á gölluðum tækjum frá framleiðanda. Með greiðslu fyrir nýtt úr frá seljanda, að fjárhæð 40.401 krónur, lítur kærunefndin svo á að til samningssambands hafi stofnast milli álitsbeiðanda og seljanda á grundvelli nkpl.

Þegar álitsbeiðandi hafði greitt fyrir útskiptitækið og ætlaði að fá nýtt úr afhent tilkynnti seljandi henni að úrið væri í pöntun og ekki væri unnt að afhenda henni nýtt úr fyrr en eftir þrjá til fimm virka daga. Verður í ljósi framangreinds að líta á kröfu álitsbeiðanda um endurgreiðslu sem kröfu um riftun vegna afhendingardráttar, sbr. 23. gr. nkpl.

Ákvæði 6. gr. nkpl. mælir fyrir um afhendingartíma í neytendakaupum, en þar segir í 1. mgr. að ef samningsaðilar hafa ekki komið sér saman um annað skuli seljandi afhenda vöru til neytanda án ástæðulausrar tafar og ekki síðar en 30 dögum eftir að gengið var frá samningi. Söluhlutur ber samkvæmt framangreindu ákvæði að afhenda án ástæðulausrar tafar og innan sanngjarns tíma frá því að kaupin voru gerð. Það hvað telst sanngjarn tími er metið í hvert skipti með hliðsjón af því um hvers kyns kaup er að ræða og af öðrum atvikum er varða kaupin. Skilyrði fyrir riftun á kaupum vegna afhendingardráttar samkvæmt 23. gr. nkpl. eru að afhendingardráttur hafi í för með sér verulegar vanefndir, en við mat á því hvort um verulega vanefnd sé að ræða ber m.a. að líta til áhrif afhendingardráttarins á hagsmuni neytandans. Verður að líta til þess hvaða þýðingu afhendingardráttur hefur fyrir neytandann með hliðsjón af tegund söluhlutarins og því hvort afhendingin átti að fara fram á ákveðnum tíma.

Í kaupum sem þessum verður að líta svo á að seljanda hafi borið að afhenda álitsbeiðanda söluhlutinn eftir að álitsbeiðandi hafði greitt kaupverðið og að seljanda hafi borið að tilkynna álitsbeiðanda, áður en greiðslan var innt af hendi, að varan sem um ræðir væri í pöntun og nokkurra daga bið væri eftir henni. Hins vegar er ekki unnt að líta svo á að afhendingardrátturinn hafi haft veruleg áhrif á hagsmuni álitsbeiðanda líkt og ákvæði 23. gr. nkpl. gerir kröfu um, sem réttlætt geti riftun kaupanna. Verður því einnig að hafna þeirri kröfu álitsbeiðanda.

## V Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson